

Frumvarp til laga um kvótasetningu á grásleppu
153. löggjafarþingsskjal, 1524/976.mál

Góðan daginn.

Grímur Barði Grétarsson heiti ég og er frá Patreksfirði. Ég er grásleppusjómáður og hef stundað grásleppuveiðar síðustu þrjú ár. Ég hef tekið eftir því að í breytingum á frumvarpi til laga um kvótasetningu á grásleppu, er ekki tekið tillit til þess að þeir sem byrjuðu eftir 1. jan 2020 fái þrjú ár til viðmiðunar, semsagt 2023 er ekki tekið með. Með því er endanlega verið að drepa þá nýliðun sem þó hefur verið og veit ég um þónokkra sem eru á sama róli og ég. Ég hef lagt allt mitt í þetta sem grásleppusjómáður, að koma mér upp búnaði, netum, kaupa leyfi og báta. Ég sé ekki fram á að geta stundað grásleppuveiðar ef ég fæ aðeins tvö ár til viðmiðunar, þetta yrði einfaldlega alltof lítil kvóti.

Fyrir mér og fleirum er grásleppa stórt byggðamál. Ég flutti vestur á Patreksfjörð fyrir um þremur árum, í heimabæinn minn, og fann þá leið að geta búið þar með því að róa á grásleppu og stunda strandveiðar. Núna erum við sex bátar í Patreksfirði sem stundum grásleppuveiðar. Öll hrogn eru unnin í Vesturbyggð, hjá Sæfrosti, sem byrjaði að salta inni á Brjánslæk fyrir um tveimur árum. Hefur ekki verið önnur fiskverkun en Oddi á Patreksfirði í Vesturbyggð í tugi ára. Annars er ég ekki hlynntur kvótasetningu, það mun skerða atvinnufrelsi í dreifðum byggðum landsins. Þetta yrði dauðadómur fyrir mig sem nýliða -og ekki nýliða, og allt það dót sem ég á, að fá tvö ár til viðmiðunar eða 33,3% minna til viðmiðunar en aðrir, sem eru jafnvel hættir eða látnir, sem ég veit um.

Ég vil að tekið sé tillit til þeirra sem hafa komið inn síðustu ár og lagt fram mikinn kostnað sem nýliðar, því við sem komum inn í kerfið fyrir nokkrum árum, erum líklega þeir sem munu stunda veiðarnar um ókomin ár ef heimildir fást eða umhverfið verður þannig að hægt sé að stunda grásleppuveiðar.

Kveðja,
Grímur B. Grétarsson
grásleppusjómáður á Patreksfirði
fyrir Ánanaust slf.
s. 773-5328